

Minnisblað

Til: Bæjarstjórn
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 15. febrúar 2022
Mnr. 2021080069



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Þarfagreining aðildarfélaga HSV

Uppbyggingaráætlun íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar er nú vísað í annað sinn til bæjarstjórnar en nú undir heitinu „Þarfagreining aðildarfélaga HSV“. Gamla heitið þótti ekki nógu skýrt. Bæjarstjórn óskaði eftir að nokkrum verkefnum yrði bætt inn í þarfagreiningu aðildarfélaga HSV og vísaði henni aftur til íþrótt- og tómstundanevndar. Má þar helst nefna verkefni tengd framtíðaruppbyggingu á skíðasvæðum á Ísafirði og byggingu nýrrar sundlaugar á Torfnesi.

Í skjalinu er að finna þau uppbyggingarverkefni sem aðildarfélög HSV vilja ráðast í með uppbyggingarsamning við Ísafjarðarbæ. Upphaflega voru verkefnin um 50 talsins en íþrótt- og tómstundanevnd fækkaði þeim niður í 23. Jafnframt má þarna finna 6 verkefni sem núverandi bæjarstjórn og íþrótt- og tómstundanevnd vilja að farið verði í á næstu 5 árum. Þegar þarfagreiningin hefur verið samþykkt af hálfu bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar mun sveitarfélagið óska eftir umsóknum frá aðildarfélögum HSV um uppbyggingarsamninga til að framkvæma þau verkefni sem eru í þarfagreiningunni. Það er svo íþrótt- og tómstundanevnd sem ákveður hvaða aðildarfélög fá uppbyggingarsamninga og með hvaða hætti eigi að skipta áætlaðri upphæð. Gert er ráð fyrir kr.12.000.000 í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 í uppbyggingarsamninga sem er sambærileg upphæða og sl. ár, að undanskildu árinu 2021 en þá voru ekki gerðir uppbyggingasamningar.

Hér er um óskalista íþróttafélaganna að ræða og er hann ekki bindandi fyrir Ísafjarðarbæ, sem getur farið í önnur uppbyggingarverkefni á íþróttamannvirkjum en getið er í þessari þarfagreiningu. Jafnframt skal þess getið að Ísafjarðarbæ ber ekki skylda til að framkvæma öll þau verkefni sem nefnd eru í þarfagreiningunni. Mikilvægt er þó að taka fram að aðildarfélög HSV hafa með myndarlegum hætti bætt aðstöðu til íþróttaiðkunar á síðastliðnum árum í gegnum þessa uppbyggingarsamninga. Hafa margir bæjarbúar Ísafjarðarbæjar notið góðs af þeirri vinnu.